

Ed.

838. Breytingartillögur

[262. mál]

við frv. til laga um Sölustofnun lagmetis og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

1. 2. mgr. 10. gr. orðist þannig:

Iðnaðarráðherra skipar Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins fimm manna stjórn og jafnmarga til vara með eftirfarandi hætti: Einn samkvæmt tilnefningu Sölustofnunar lagmetis eða síðar sölusamtaka lagmetisframleiðenda, einn samkvæmt tilnefningu Iðntæknistofnunar Íslands, einn skv. tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn skv. tilnefningu sjávarútvegsráðherra, sem sé á árinu 1981 valinn í samráði við Samtök grásleppuhrognaf framleiðenda og Sölusamtaka ísl. fiskframleiðenda, en síðar eftir ábendingu Sölusamtaka íslenskra fiskframleiðenda. Einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Á sama hátt fer um varamenn þeirra.

2. Við 11. gr. bætist:

Enn fremur skal með sama hætti innheimta 1% gjald af fob-verði saltaðra grásleppuhrognaf fram til 1. apríl 1982 og renni andvirði þess til Samtaka grásleppuhrognaf framleiðenda.

3. 13. gr. orðist þannig:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum. I. kafli þessara laga, þ. e. greinar 1—8 að báðum meðtöldum, falla úr gildi 31. desember 1982.

4. Heiti frumvarpsins breytist og verður:

Frumvarp til laga um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.